

Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs Akraness.

## 31. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, taka gildi 1. júlí 2004.

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð samþykktar í félagsmálaráði Akraness 18. apríl 2000 og staðfestar af bæjarstjórn Akraness þann 12. desember 2000.

Þannig samþykkt á fundi félagsmálaráðs Akraness 2. júní 2004, samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 10. júní 2004 og staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraness 15. júní 2004.

*Akranesi, 16. júní 2004.*

**Jón Pálmi Pálsson** bæjarritari.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl.**

## 1. gr.

Á eftir 33. gr. bætist við ný fyrirsögn sem orðast svo: Ýmis ákvæði.

## 2. gr.

Á eftir fyrirsögninni „Ýmis ákvæði“, skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, bætist við ný grein, 34. gr., sem orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Verði útgáfa ELS-tíðinda eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt útprentun tíðindanna hjá Einkaleyfastofunni gegn greiðslu kostnaðar af útprentun þeirra og sendingu.

## 3. gr.

Sú grein, sem nú er 34. gr., verður 35. gr.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*